


„Ég var sælust allra í bænum“

Sólveig Sigurðardóttir

sópran

Hrönn Þráinsdóttir

píanó



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 20. ágúst 2019 kl. 20:30

Reynaldo Hahn

1874–1947

L'heure exquise

nr. 5 úr Chansons grises
ljóð eftir Paul Verlaine

Gylfi Þ. Gíslason

1917–2004

Þjóðvísa

Jón Þórarinsson útsetti
ljóð eftir Tómas Guðmundsson

Benjamin Britten

1913–1976

Johnny

nr. 3 úr Cabaret Songs
ljóð eftir W.H. Auden

Richard Strauss

1864–1949

Hat gesagt – bleibt's nicht dabei

ópus 36 nr. 3
úr Des Knaben Wunderhorn

Richard Strauss

Säusle liebe Myrte

ópus 68 nr. 3
ljóð eftir Clemens von Brentano

Charles Gounod

1818–1893

Sérénade

ljóð eftir Victor Hugo

Hugo Wolf

1860–1903

In dem Schatten meiner Locken

nr. 2 úr Spanisches Liederbuch:
Weltliche Lieder
Paul Heyse þýddi á þýsku

Hugo Wolf

Ständchen

númer 5 úr 9 Reinick-Lieder
ljóð eftir Robert Reinick

Hugo Wolf

Bescheidene Liebe

nr. 13

úr Lieder aus der Jugendzeit

Gabriel Fauré

Notre amour

1845–1924

ópus 23 nr. 2

ljóð eftir Armand Silvestre

Francesco Paolo Tosti

Ideale

1846–1916

ljóð eftir Carmelo Errico

Francesco Paolo Tosti

Vorrei

ljóð eftir Gabriele d'Annunzio

Wolfgang A. Mozart

Vorrei spiegarvi, oh Dio!

1756–1791

K. 418

Gioachino Rossini

Vorrei spiegarvi il giubilo

1792–1868

Aría Fannýjar úr

La cambiale di matrimonio

við texta Gaetano Rossi

Sólveig Sigurðardóttir stundaði nám í píanóleik frá unga aldri og nam óbóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík. Söngnám hóf hún árið 2006 hjá Jóni Þorsteinssyni við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og lauk prófi í kórstjórn 2009. Hún fór til framhaldsnáms í tónlistarskólann í Utrecht í Hollandi og lauk þaðan B.Mus. gráðu í klassískum söng 2013. Kennarar hennar þar voru Jón Þorsteinsson og Charlotte Margiono. Einnig hefur hún stundað söngnám hjá Hlín Pétursdóttur og Þórunni Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík.

Vorið 2018 lauk Sólveig meistaragráðu í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi (NAIP) frá Listaháskóla Íslands, með söng sem aðalfag. Þá hefur hún tekið þátt í námskeiðum hjá Kristni Sigmundssyni og Gittu-Mariu Sjöberg. Í janúar 2018 hlaut hún önnur verðlaun og áhorfendaverðlaunin í söngkeppninni Vox Domini.

Hrönn Þráinsdóttir nam píanóleik hjá Erlu Stefánsdóttur við Tónmenntaskólann í Reykjavík og Jónasi Ingimundarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún fór til framhaldsnáms við Staatliche Hochschule für Musik í Freiburg og lauk þaðan diplóma kennaraprófi vorið 2004 og tók meðleik við ljóðasöng sem aukafag. Kennarar hennar voru Dr. Tibor Szász og Hans-Peter Müller. Að því loknu nam hún við ljóðasöngdeild Tónlistarháskólans í Stuttgart undir handleiðslu Cornelis Witthoefft og lauk sérhæfðu diplómanámi sumarið 2007. Hrönn hefur komið fram á tónleikum víða hérlendis sem erlendis, sem einleikari, meðleikari og við flutning kammertónlistar. Hún er virk í flutningi nýrrar tónlistar, meðal annars á Myrkum Músíkdögum og með kammersveitinni Ísafold, og hefur frumflutt fjölda sönglaga. Þá hefur hún hljóðritað bæði fyrir útvarp og geisladiska.

Hrönn er annt um tónlistarlegt uppeldi ungra söngvara og undanfarin ár hefur hún verið tónlistarstjóri í uppfærslum hjá óperudeild Söngskólans í Reykjavík þar sem fluttar hafa verið margar perlor óperubókmenntanna. Undanfarin misseri hefur hún einnig ferðast víða um land og kynnt óperutónlist fyrir grunnskólabörnum. Hún er kennari við Söngskólann í Reykjavík og við Menntaskóla í Tónlist, MÍT.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert*

Tónlistarsjóður styrkir sumartónleika LSÓ

L'heure exquise

Hvítur máninn skín í skóginum. Af hverri grein sprettur rödd.
Ó ástin mín!
Eins og djúpur spegill endurkastar tjörnin mynd svarta
víðisins þar sem vindurinn grætur.
Látum okkur dreyma! Þetta er stundin...
Kyrrðin stígur niður af stjörnubjörtum himninum.
Þetta er hin dýrðlega stund!

Þjóðvísa

„... og sumarnætur margar ég svaf á armi hans,
ég var sælust allra í bænum.“

Johnny

Það er erfitt að vera ástfangin af Johnny. Hann grettir sig
bara og fer þegar maður gefur sig að honum.

Hat gesagt - bleibt's nicht dabei

Pabbi sagði að ég ætti að vagga barninu, og að hann myndi
þá sjóða handa mér þrjú egg. Hann mun samt borða tvö
þeirra sjálfur og ég nenni ekki að passa barn fyrir eitt lítið
egg.

Mamma sagði að ég ætti að klaga stelpurnar, og að hún
myndi þá steikja handa mér þrjá fugla. Hún mun samt borða
tvo þeirra sjálf og ég gerist ekki klöguskjóða fyrir einn lítinn
fugl.

Elskan mín bað mig að hugsa til sín, og sagði að hann myndi
kyssa mig þrem kossum í kvöld. Hann mun ekki láta þá
duga.

Af hverju ætti mér ekki að vera sama um fugla og egg?

Säusle liebe Myrte

Sofðu, vinur, sofðu þar til ég er hjá þér á ný!
Sofðu, dreymdu, fljúgðu – Ég mun vekja þig fljótt!

Sérénade

Þegar þú syngur á kvöldin í örmum mínum, heyrirðu
hugsanir mínar svara þér?
Syngdu, syngdu, mín fagra, syngdu áfram!

Þegar þú hlærð blómstrar ástin á vörum þínum.
Hlæðu, hlæðu, mín fagra, hlæðu áfram!

Þegar þú sefur heyri ég hljómpýð orð í andardrætti þínum.
Sofðu, sofðu, mín fagra, sofðu áfram!

In dem Schatten meiner Locken

Hulinn hári mínu sefur ástin mín. Ætti ég að vekja hann? Æ,
nei!

Ständchen

Komdu til mín í kyrrð næturinnar!
Elskan mín, hví hikaðu?
Sólin er löngu sest,
veröldin hefur lokað augunum,
aðeins ástin vakir!

Bescheidene Liebe

Ég er ekki eins og hinar stelpurnar, sem eru feimnar og þegja
þegar þær eru ástfangnar. Ég sýni tilfinningar mínar alveg
óhikað. Ást mín snýst ekki um hring og slör, en hann verður
þó brúðgumi minn. Hann kurrar blíðlega sem dúfa, ástin
mín.

Notre amour

Ást okkar er létt, eins og ilmurinn sem vindurinn ber til okkar
til að anda að okkur meðan okkur dreymir.

Ást okkar er heillandi, eins og morgunsöngvarnir um
ótryggar vonir.

Ást okkar er heilög, eins og leyndardómar skógarins þar sem
þögnin hefur rödd.

Ást okkar er óendanleg, eins og vegir kvöldsins þar sem
hafið sofnar við sólarlag.

Ást okkar er eilíf, eins og allt sem guð hefur snert, eins og
allt sem kemur frá hjartanu.

Ideale

Ég fylgdi þér sem regnboga, sem kyndli í myrkrinu og skynjaði þig í ljósinu, loftinu, angan blómanna og einmanalegur staður fylltist af þér og dásemd þinni.

Mig dreymdi lengi um rödd þína og gleymdi allri sorg og þjáningu. Komdu aftur í augnablik og brostu til mín og í andliti þínu mun skína ný dögungun.

Vorrei

Mig langar til að láta þér líða betur þegar þú örvæntir. Ég vil koma til þín með töfrum ástarinnar, halla mér yfir þig eins og blóm og hvísla að þér mjúkri röddu að ég elski þig.

Mig langar til að láta hár mitt hylja þig mjúklega og heyra þig kalla nafn mitt, sjá þig ærast vegna fegurðar minnar. Ég vil koma til þín með töfrum ástarinnar, halla mér yfir þig eins og blóm og hvísla að þér mjúkri röddu að ég elski þig.

Vorrei spiegarvi, oh Dio!

Clorinda hefur verið dregin á talar af manni sem segist vera greifi, en var í raun ráðinn til verksins af eiginmanni hennar sem vildi prófa tryggð hennar. Clorinda er ástfangin af greifanum, en fær sig þó ekki til að rjúfa heit sín og sendir greifann í burtu.

Ó guð, mig langar til að segja frá sorg minni, en örlögin hafa dæmt mig til að gráta og þegja. Hjarta mitt má ekki þrá þann sem ég vil elska, og því virðist ég harðbrjósta.

Greifi, farðu langt burt frá mér! Þín elskaða Emilia bíður þín, hún er verðug ástar þinnar. Ekki tala um ást, hún á hjarta þitt.

Vorrei spiegarvi il giubilo

Fanny, sem átti að selja í hjónaband til ensks furðufugls, var að komast að því að hún fær að giftast ástinni sinni eftir allt saman. Hún er svo yfirkomin af gleði að hún veit ekki hvernig hún á að haga sér.

Soprano **Sólveig Sigurðardóttir** studied the piano from a young age. She studied piano and oboe, at the Reykjavík College of Music. In 2006 she started her singing studies with Jón Þorsteinsson at the National Church School of Music in Reykjavík where she received her diploma in Choral Conducting in 2009. She furthered her studies with Jón Þorsteinsson and Charlotte Margiono at the Utrecht Conservatory and graduated with a B.Mus. degree in classical singing in 2013. She has also studied with Hlín Pétursdóttir and Þórunn Guðmundsdóttir at the Reykjavík College of Music. In 2018 she completed her Master's NAIP degree from the Iceland University of the Arts, with singing as her main focus. She has attended master-classes with Kristinn Sigmundsson and Gitta-Maria Sjöberg. Sólveig received 2nd prize at the Vox Domini singing competition in January 2018 and won the audience prize as well.

Pianist **Hrönn Práinsdóttir** graduated from the Reykjavík College of Music in 1998 and continued her studies in Germany at the Staatliche Hochschule für Musik in Freiburg where her principal teachers were Professor Dr. Tibor Szász and Professor Hans-Peter Müller. She graduated in 2004 with a diploma in music performance, lied-accompaniment and music education. After that she studied with Professor Cornelis Witthoefft at the University of Music and performing Arts in Stuttgart and received her Master's degree from the faculty of lyrics in 2007.

Hrönn has given concerts and accompanied singers in Iceland and abroad. She frequently performs contemporary music, e.g. as a member of the Ísafold Chamber Orchestra in Reykjavík, at music festivals, such as the Dark Music Days in Harpa Concert House. This has included premiering of several works and recordings both for radio and CDs. Hrönn teaches at MÍT – the Reykjavík college of Music – and the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Art, where she has been the musical director of several student opera performances. She also visits elementary schools all around Iceland introducing the opera art form.